

Starfsáætlun



leikskólans Birkilundar

veturinn 2014-2015

Efnisyfirlit

.....	0
1. Inngangur	3
2. Hagnýtar upplýsingar	3
3. Skólahúsnæði.....	3
3.1. Stærð og einkenni	3
3.2. Leikskólalóð.....	4
3.3. Umhverfi	4
3.4. Nauðsynlegt viðhald og endurbætur	5
4. Fæðismál	6
5. Starfsrammi	6
5.1. Barnafjöldi og lengd dvalartíma	7
5.2. Aðlögun og flutningur milli deilda	7
6. Starfsmannahald	8
6.1. Fjöldi starfsmanna, starfshlutfall og menntun	9
6.2. Skipurit.....	9
6.3. Starfspróunarsamtöl.....	10
6.4. Símenntunaráætlun.....	10
7. Áhersluatriði leikskólans	11
7.1. SMT.....	12
7.2. Tákn með tali	12
7.3. Stig af stigi	12
7.4. Leikur að læra	13
7.5. Námskrá.....	13
8. Skólastarfið 2014-2015.....	13
8.1. Starfið á Kvistalandi.....	15
8.2. Starfið á Könglalandi	16
8.2.1. Elsti árgangur leikskólans.....	17
8.3. Proski og framfarir	18
9. Samstarf leik- og grunnskóla.....	18
9.1. Gaman saman.....	18

10.	Stoðþjónusta	19
11.	Foreldrasamstarf	19
11.1.	Foreldrafélag	19
11.2.	Foreldraráð.....	20
11.3.	Foreldrafundir og -viðtöl.....	20
12.	Sérstök verkefni	20
13.	Innra mat	20
14.	Ýmsar áætlanir	21

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber að gefa árlega út starfsáætlun fyrir leikskólann þar sem gerð er grein fyrir starfseminni, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans. Gerð er grein fyrir skólahúsnæðinu og nánasta umhverfi leikskólans, barnafjölda, starfsmannahaldi og ýmsum verkfærum og matslistum sem notaðir eru. Sett fram áætlun um það hvernig við ætlum að vinna með börnunum og hvernig samstarfi við foreldra er háttað. Með þessu á að vera komið heildstætt yfirlit yfir starfið og það sem því tengist og hefur áhrif á það hvernig unnið er. Foreldraráð hefur lesið áætlunina og fylgir umsögn þess með, sjá fylgiskjal 1.

2. Hagnýtar upplýsingar

Opnunartími 7:45-16:00

sími 4538215

netfang: birkilundur@skagafjordur.is

heimasíða: <http://birkilundur.skagafjordur.is>

Leikskólastjóri: Steinunn Arnljótsdóttir

Staðgengill leikskólastjóra/deildarstjóri Kvistalands: Sigríður Helgadóttir
sigridurh@skagafjordur.is

Deildarstjóri Könglalands: Kolbrún Jónsdóttir kolbrunj@skagafjordur.is

Forföll barna skal tilkynna í síma 4538215 eða á netfangið birkilundur@skagafjordur.is

3. Skólahúsnæði

Birkilundur er staðsettur við Furulund í Varmahlíð. Hann liggur samsíða þjóðvegi 1 og er aðeins gata og grasrimi þar á milli. Birkilundur er timbureiningahús, sem var reist árið 1998. Leikskólastarfsemi hófst í húsinu í febrúar 1999. Leikskólinn nýtir einnig Furulund 5, sem er timburhús í sumarbústaðastíl. Auk þess er 6 fm leikfangaskúr í garðinum. Skúrinn er úr timbri, hann er óupphitaður og ekkert rafmagn í honum.

3.1. Stærð og einkenni

Leikskólastarfsemin fer fram í tveimur húsum. Stærð Birkilundar er 185 fm og er gert ráð fyrir að þar geti verið 28 börn. Furulundur 5 er 50 fm. Það húsnæði er nýtt sem leikrými en öll börnin borða í Birkilundi. Alls er rými fyrir 35 börn miðað við þessi 2 hús. Á Kvistalandi eru yngri börnin. Þar er rými fyrir 13 börn. Á

Könglalandi eru eldri börnin. Þar eru vistuð allt upp í 22 börn á þeim forendum að hluti þeirra fari út af deildinni og sé annars staðar frá kl 9:00-11:30. Þau borða öll saman á deildinni í rými sem annars er ætlað 15 börnum. Eftir matinn fara þau út og hefur yfirleitt fækkað eitthvað þegar þau koma inn aftur. Starfsmannarýmið er í miðju húsinu eins og fataherbergi barnanna. Það er því alltaf umgangur barna og foreldra fram hjá kaffistofu starfsfólks. Kaffistofan er jafnframt nýtt sem undirbúningsaðstaða kennara og fundaherbergi. Starfsmannainngangur er mjög þröngur og lítið pláss til að hengja upp utanyfirfatnað. Engin aðstaða er fyrir starfsfólk til þess að geyma persónulega muni. Eldhúsið er nýtt sem móttökueldhús í 9 mánuði á ári en það er eldað þar yfir sumarmánuðina og þá daga sem starfsfólk í mötuneyti grunnskólans er í fríi.

3.2. Leikskólalóð

Heildarstærð lóðar er 2.135 fm. Leiksvæði barnanna er um 1.400 fm. Leiksvæðið býður upp á ýmsa möguleika, þar eru fjölbreytt leiktæki, stór stétt, göngustígar og brekka. Það er stór sandkassi, 6 rólur (þar af 2 fyrir eins árs börn), kastali með rennibraut og ruggudýr af mismunandi stærðum. Það eru til nokkur þríhjól og 2 stórar gröfur, sem eru geymd í leikfangaskúr þegar þau eru ekki í notkun.

Leiksvæðið er mjög skjólsælt þar sem það er skógur nánast alltið kring. Þetta gerir það af verkum að það er nánast aldrei svo hvasst eða vont veður að ekki sé hægt að fara út í garðinn. Á móti kemur að snjó tekur seinna upp og svell sitja oft lengi á lóðinni þar sem hláka virkar ekki eins vel í logninu.

3.3. Umhverfi

Umhverfi leikskólans er mjög fjölbreytt. Þar er mikill trjágróður og móar og melar fyrir ofan. Við hliðina á leikskólanum er skógarreitur sem Skógræktarfélag Skagafjarðar á. Eru trén þar orðin hávaxin og veita gott skjól í garðinum auk þess sem þar er kjörið útivistarsvæði. Varmahlíðarhverfið er byggt austan í Reykjarhólnum. Reykjarhólsskógur þekur mestan hluta hólsins, gangstígar eru víða um skóginn og alla leið upp á topp. Á toppnum er hringsjá og mikið og fallegt útsýni. Húseyjarkvíslin rennur neðan við Varmahlíðarhverfið og er í stuttu göngufæri frá leikskólanum. Þar er oft fjörugt fuglalíf. Helsta kennileitið við kvíslina er Hestaklettur, sem staðsettur er alveg við kvíslina austurundan Víðimel. Í klettinum er hrafnshreiður sem fram að þessu hefur yfirleitt verið verpt í á vorin.

Leikskólinn hefur fengið leyfi hjá Skógræktarfélagi Skagafjarðar til að nýta skóginn norðan við leikskólalóðina. Þar höfum við komið upp greinakofa og netum til

að klifra í eða sitja í. Einnig eru þar kaðlar sem hægt er að ganga eftir. Þetta svæði er nýtt fyrir litla hópa eftir því sem tækifæri gefst.

3.4. Nauðsynlegt viðhald og endurbætur

Í desember 2013 kom starfsmaður frá Vinnueftirlitinu í reglubundið eftirlit í Birkilund. Voru gerðar athugasemdir í 18 tölusetnum liðum. Búið er að bæta úr ýmsu, sem var ábótavant, en eftir standa þær athugasemdir sem gerðar voru við húsnæðið og þau þrengsli og aðstöðuleysi sem starfsfólk býr við. Mikil þrengsli eru í fataherbergi barna og erfitt fyrir starfsfólk að aðstoða börnin, mikil þrengsli á skrifstofu skólastjóra, það vantar læsanlegt hólfi fyrir persónulega muni starfsfólks, aðskilja þarf kaffistofu frá undirbúningsaðstöðu og tryggja að þar sé nægilegt rými fyrir starfsmenn.

Eldhúsið er of lítið til að þar sé rými til að koma fyrir þeim græjum sem þarf til að hægt sé að elda með góðu móti fyrir 40-45 manns. Samið var við Varmahlíðarskóla um að fá mat þaðan þá daga sem eldað er þar. Þegar frí er í Varmahlíðarskóla er eldað í Birkilundi. Forsendan fyrir því að það gangi er að einhver leikskólabörn taki frí þá daga. Þróunin er þó sú að færri börn taka frí en áður var og því ekki ljóst hversu lengi hægt verður að hafa fyrirkomulagið með þessum hætti.

Í Furulandi er lítil forstofa svo erfitt er að afthafna sig þar og lítið rými fyrir fatnað og skó. Í sumar varð vatnstjón í Furulandi sem varð til þess skipta þurfti um lagnir, einangrun og gólfefni á salerni. Þetta leiddi til þess að ekki var hægt að nýta húsnæðið fyrir leikskólann fyrr en um 20. september. Það varð okkur til happs að veðrið var milt fram að því svo hægt var að vera mikið úti, ýmist í garðinum eða skóginum.

Leikfangaskúrinn liggur undir skemmdum vegna raka, því mold liggur uppað honum að sunnan verðu og mikill raki er í jarðveginum. Það veldur því að gólfið bólgnar upp á hverjum vetri og rakablettir eru í veggjum. Rakinn veldur því líka að ryð sest á leikföng úr járni, eins og hjólin, og mygla á það sem er úr tré eða tauvi, eins og prikhesta. Það er því meiri kostnaður við endurnýjun og viðhald á þessum hlutum en þurfti að vera.

Síðastliðinn vetur voru skoðaðar og kynntar hugmyndir um að flytja leikskólann í húsnæði Varmahlíðarskóla. Á fjölmönnum kynningarfundum fyrir foreldra barna í Birkilundi og Varmahlíðarskóla voru gerðar athugasemdir við áætlaða staðsetningu leikskólalóðar og kallað eftir nánari útfærslum fyrir grunnskólastarfseminu. Einnig komu fram óskir um að betur yrði skoðað hvernig mögulega væri hægt að byggja við Birkilund. Var óskað eftir því að fá kostnaðartölur á mismunandi kosti

sem hægt væri að leggja til grundvallar þegar ákvörðun yrði tekin um hvaða leið yrði valin til að bæta úr húsnæðismálum Birkilundar. Væntum við þess að einhverjar niðurstöður komi fram í þessu máli á næstunni svo hægt verði að taka ákvörðun og hefja úrbætur.

Nemendastólar eru margir orðnir slitnir og þarfnast endurnýjunar. Við viljum fá aðra tegund af stólum og því þarf að fá nýja stóla fyrir alla nemendur. Kostnaður við það er áætlaður kr. 1.000.000.

Endurnýja þarf tölvu á skifstofu leikskólastjóra. Áætlaðir kostnaður kr 120.000. Girðingin er varasöm þar sem upp úr grindunum standa teinar sem geta valdið slysum og óhöppum. Fólk hefur slasað sig á samskonar girðingum þó það hafi ekki gerst hér. Það þarf að snúa grindum í girðingu við eða setja eitthvað ofaná hana til að draga úr slyshættu. Ef börnin klifra í girðingunni, eins og gerist stundum, þá geta þau fest sig á tindunum og skemmt fatnað og í versta falli slasað sig.

Skipta þarf út gömlu borði á Könglalandi. Hagstæðast væri að fá 2 borð eins og þau sem keypt voru vorið 2013. Áætlaður kostnaður kr 80.000.

Það þarf að bera á húsið að utan. Timburklæðningin er víða farin að láta verulega á sjá enda nokkuð mörg ár liðin síðan borið var á það síðast.

Hitalögn í stétt virkar frekar illa þar sem ekki hefur tekist að halda þrýstingi á henni. Það þyrfti að lagfæra það.

Það vantar merkingar utanhúss - Leikskóli og Vinsmlegast stöðvið vélina

4. Fæðismál

Þar sem eldhúsið í Birkilundi er lítið og illa búið tækjum er mjög erfitt að elda þar fyrir 40-45 manns. Því var brugðið á það ráð að semja við Varmahlíðarskóla um að fá hádegismat þaðan. Þá daga sem starfsfólk í mötuneyti Varmahlíðarskóla er í frí er eldað í Birkilundi. Þetta hefur verið með þessu hætti frá hausti 2011. Þetta gengur ágætlega á meðan hægt er að ganga út frá því að 10-15 börn úr Birkilundi taki frí þá daga sem Varmahlíðarskóli er í frí. Þróunin er sú að færri börn taka frí en áður var og því líkur til að finna þurfi annað úrræði fyrir leikskólann á næstu misserum.

5. Starfsrammi

Starfið í leikskólanum mótast af þeim börnum sem þar dvelja, aldri þeirra, þroska og þörfum. Þar sem árgangar eru misjafnlega stórir breytast áherslur eftir því hvernig aldursdreifingin er. Þar sem stór árgangur fór upp í grunnskólinn síðastliðið vor og fá börn eru í elsta árganginum í ár þá leiðir það t.d. til þess að yngsta barnið

á Könglalandi er nú 8 mánuðum yngra en yngsta barnið var þar síðastliðinn vetur. Á Kvistalandi eru börnin einnig mun yngri og eru að koma inn jafn óðum og þau verða eins árs. Kynjaskipting er mjög ójöfn þar sem drengir eru 3 á móti hverjum 7 stúlkum. Á yngri deildinni er aðeins 1 drengur í vetur en verða 12 stúlkur. Á eldri deildinni er hlutfallið aðeins jafnara en þar eru 8 drengir og 13 stúlkur. Það eru 9 börn sem nýta aðeins 4 daga í viku, önnur nýta alla daga. Vistunartíminn er aðeins misjafn eftir dögum en flest eru börnin að nýta allan daginn. Í töflunni um fjölda barna og dvalartíma reiknast viðveran sem meðaltals tímafjöldi á dag miðað við 5 daga vikunnar.

5.1. Barnafjöldi og lengd dvalartíma

Fjöldi barna og dvalartími 15.9.2014						viðvera í klst.					
fæðingarár	fjöldi	drengir	stúlkur	stuðningur	annað móðurmál	8	7	6	5	4	alls
2009	6	3	3			2	1	2	1		40
2010	8	4	4			3	1	2	2		53
2011	6	1	5			3	1	2			43
2012	9	1	8			3	1	2	1	2	56
2013	2		2				1	1			13
alls	31	9	22	0	0	11	5	9	4	2	205

Ein stúlka fædd 2012 bætist við í október í 7 tíma vistun. Tvær stúlkur fæddar 2013 bætast við í nóvember. Önnur þeirra í 8 tíma vistun og hin í 4 tíma vistun. Að öllum líkindum verða eitt eða tvö börn flutt að Kvistalandi yfir á Könglaland í byrjun febrúar til að rýma til fyrir yngri börnum. Er vonast til þess að elstu börnin á Kvistalandi verði á þeim tíma búin að ná þeim þroska að þau geti tekist á við dvölinna á Könglalandi. Til þess að svo verði þurfa þau helst að vera hætt með bleiu og þola það að geta sleppt svefni eftir hádegið, a.m.k. stundum.

5.2. Aðlögun og flutningur milli deilda

Aðlögun fer fram í ágúst og september. Áætlað er að aðlögun hvers barns taki u.þ.b. viku. Oftast er tekin 2 börn inn í hverri viku og fer það því eftir fjölda nýrra barna hversu langur tími skólaársins fer í aðlögunina. Ef það eru laus pláss eru tekin inn þau börn sem þess óska jafn óðum og þau hafa aldur til svo fremi að nægur starfskraftur sé til staðar til að sinna þeim.

Í lok maí fækkar börnum á Könglalandi (eldri deildinni) oftast töluvert. Þá eru oft einhver börn flutt af Kvistalandi (yngri deildinni). Önnur sem væntanlega eiga að flytja eftir sumarlokun fara í heimsóknir á Könglaland í júní. Í flestum tilvikum byrja þau svo þar strax að loknu sumarleyfi.

6. Starfsmannahald

Einn ófaglærður starfsmaður á deild fór í veikindafrí í lok mars og í framhaldi af því í fæðingarorlof í maí fram á næsta haust. Leikskólakennari sem var í fæðingarorlofi síðastliðinn vetur óskaði eftir launalausis leyfi í vetur og var orðið við þeirri ósk. Matráður fór í fæðingarorlof í lok maí fram á næsta haust og ræstitæknir lét af störfum í júlí vegna aldurs.

Ákveðið var að gera tilraun með það í vetur að setja matráð og ræstingu saman í eina stöðu og ræsta að hluta til á starfstíma skólans. Ástæðan fyrir því var meðal annars sú að í gegnum tíðina hefur ræstingafólk enst illa, enda vinnutíminn ekki skemmtilegur og starfsmaðurinn einn í húsinu. Auk þess hefur matráður verið illa nýttur nema þann tíma sem eldað er í húsinu. Með því að setja þessar stöður saman í eina er vonast eftir að starfsmaðurinn nýtist betur og starfið í eldhúsinu verði hagkvæmara. Veturinn verður nýttur til að meta að hversu miklum hluta hægt er að ræsta á skólatíma og hvernig eldhús- og ræstingastörfin fara saman. Á vordögum verður tekin ákvörðun um hvernig þessum störfum verður ráðstafað næsta haust.

Auglýst var í maí eftir leikskólakennara og starfsmanni í eldhús og ræstingu. Starfsmaður var ráðinn í 0,94 stöðugildi í eldús og ræstingu. Þar sem ekki fékkst leikskólakennari var í staðinn ráðinn einstaklingur með grunnskólakennaramenntun í starfið. Svo fór þó að vegna veikinda kom sá starfsmaður ekki til starfa í ágúst eins og ætlað var og gaf frá sér stöðuna. Var því aftur auglýst í ágúst. Kom þá umsókn frá leikskólakennara, sem var í starfi annars staðar. Það var auglýst eftir þroskaþjálfara í hennar starf og sótti þar um þroskaþjálfari sem var starfandi í Birkilundi. Þetta ferli tók allan september og var því ekki frágengið fyrr en í byrjun október hvernig þessi skipti færu fram. Vantaði þá enn starfsmann í leikskólann en að þessu sinni var öllu auglýsingaferli sleppt og tókst að finna starfsmann sem hóf störf 6. október. Þroskaþjálfinn hætti 10. október og leikskólakennarinn kom til starfa 15. október.

6.1. Fjöldi starfsmanna, starfshlutfall og menntun

Tölur í töflu miðast við stöðuna 15. sept. 2014			menntunarstig, fjöldi					
	fjöldi	stöðugildi	Leikskólakennari	proskapjálfi	Önnur uppeldismenntun	Diplomanám	Leikskólaliði	Ófaglærðir
Starfsheiti								
Leikskólastjóri	1	1	1					
Aðstoðarleikskólastjóri								
Leikskólakennari/starfsmaður á deild	7	5,85	3	1			2	1
Sérkennslustjóri/verkefnastjóri námsaðlögunar								
Sérkennari/stuðningsaðili								
Starfsmaður í eldhúsi								
Skólaliði (ræsting + afleysing á deild)								
Starfsm. í eldhúsi og ræstingu (blönduð staða)	1	0,94						1
Starfsmaður í ræstingu								
Annað								
Alls	9	7,79	4	1	0	0	2	2

Í byrjun október bætist einn ófaglærður starfsmaður við í 0,85 stöðugildi. Proskapjálfi í 0,75 stöðugildum hættir störfum 10. október. Leikskólakennari í 0,8 stöðugildum hefur störf 15. október.

6.2. Skipurit

Leikskólastjóri

- stjórnar daglegri starfsemi leikskólans, ber ábyrgð á gerð námskrár, starfsáætlunar og mati á starfsemi leikskólans.
- er faglegur leiðtogi.
- ber ábyrgð á rekstri leikskólans, sér um ráðningu starfsmanna og innritun barna í leikskólann, deilir verkefnum og ábyrgð til starfsmanna og ber ábyrgð á samstarfi og upplýsingagjöf til foreldra.

Staðgengill leikskólastjóra

- sinnir störfum leikskólastjóra ef hann er fjarverandi um lengri tíma.

Deildarstjóri

- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á deildinni.
- Annast daglega verkstjórn á deildinni og ber ábyrgð á að miðla upplýsingum innan deildarinnar, milli deilda leikskólans og milli leikskólastjóra og deildarinnar.
- Ber ábyrgð á og stýrir deildarfundum og skipuleggur undirbúningstíma starfsfólks deildarinnar.

- Hefur umsjón með móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna deildarinnar.

Leikskólakennari

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.

Leiðbeinandi

- starfar samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, eftir bestu getu og helst undir handleiðslu leikskólakennara ef því verður við komið.

Matráður/ræsting

- tekur á móti hádegismat og framreiðir hann og sér um uppvask og frágang í eldhúsi.
- matreiðir hádegismat þá daga sem hann kemur ekki annarsstaðar frá.
- ber ábyrgð á morgun- og síðdegishressingu og innkaupum á matvælum.
- sér um þvott leikskólans og flokkun úrgangs.
- sér um ræstingu leikskólahúsnæðisins samkvæmt starfslýsingu.

6.3. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtal er samtal milli stjórnanda og starfsmanns þar sem rætt er um hvernig starfið hefur gengið, hvað viðkomandi starfsmaður er ánægð/ur með og hvað mætti fara betur. Einnig er rætt um væntingar og óskir starfsmannsins. Eftir 3 mánuði í starfi er starfsmaður boðaður í starfsþróunarsamtal. Auk þess koma allir starfsmenn einu sinni á ári í slíkt viðtal, venjulegast í mars eða apríl. Áætlaður er klukkutími fyrir hvert viðtal og þau eru boðuð með góðum fyrirvara svo starfsmenn hafi tíma til undirbúnings og íhugunar. Í starfsmannahandbók koma fram þau atriði sem gert er ráð fyrir að rætt sé um í viðtalinu. Hugmyndir, ábendingar og óskir sem fram koma í þessum viðtölum eru nýttar t.d. þegar hugað er að skipulagi næsta starfsárs.

6.4. Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun skólans segir til um það hvaða efni þarf að fjalla um með starfsfólki og hversu oft. Áhersluatriði í starfi skólans hafa áhrif á það hvaða efni unnið er með og hversu oft. Sumt þarf að rifja upp á hverju ári, en annað sjaldnar. Í áætluninni kemur fram hvenær síðast var námskeið eða umfjöllun um efnið, hvað er áætlað að taka fyrir á þessu skólaári og hvenær í framtíðinni er fyrirhugað að fjalla um viðfangsefnið. Þannig höfum við gott yfirlit yfir það hvernig þekkingunni er viðhaldið og einnig hvað kemur nýtt inn.

Hvað	Hve oft	Síðast	Áætlun
SMT - upprifjun fyrir kennara	Á hverju ári	26.8.2013	9.9.2014
Líkamsbeiting og vinnustellingar	Á hverju ári	4.2.2014	12.8.2014
Skyndihjálpi	3.hvert ár	26.2.2009	11.11.2014
Barnavernd/tilkynningarskylda	3.hvert ár	17.8.2012	Haust 2015
Numicon			12.8.2014
Skólaheimsóknir		2.6.2014	Júní 2016
Læsi í leikskóla			7.10.2014
Flokkun	Á hverju ári		7.10.2014
Útikennsla (Lesið í skóginn)		16.8.2012	
Brunavarnir (æfing í notkun slökkvitækja)		25.11.2013	
Einingakubbar		19.9.2008	
Tákn með tali		10.10.2007	
Hreyfing		19.9.2008	3.10.2014
Leikur að læra		12.10.2013	
Tónlist		19.9.2008	
Föndur		22.9.2006	
Starfsmannahópurinn - jákvæðni		28.9.2012	3.10.2014
Máltaka		9.2.2011	
Einelti		9.2.2011	
Brunaæfing	Á hverju ári		
Námskeið f. öryggisvörð og öryggistrúnaðarmann		Nóv. 2007	4.-5.11.2014

7. Áhersluatriði leikskólans

Markmið Birkilundar

- Að vinna með umhverfið og náttúruna
- Að styðja við frjálsa leikinn
- Að bjóða uppá hreyfingu, útiveru og hollt mataræði
- Að efla félagslega færni
- Að styðja við málörvun og málskilning
- Að örva skapandi starf

Til þess að ná þessum markmiðum er á hverjum degi gefinn góður tími fyrir sjálfspróttinn leik, boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til að vinna með, unnið er með sérstök viðfangsefni í minni hópum og við nýtum verkfæri eins og SMT, Tákn með tali, Stig af stigi og Leikur að læra.

7.1. SMT

Við notum SMT skólafærni til að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og kennara. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð kennara gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Við notum hrós til að sýna börnum jákvæða athygli og til að auka tíðni æskilegrar hegðunar. Við notum skýr fyrirmæli til þess að barnið viti til hvers er ætlast af því. Við tökum barn úr aðstæðum til að styðja það í að tileinka sér æskilega hegðun. Barnið fær alltaf tækifæri til að bæta hegðunina áður en það er tekið úr aðstæðum.

Við höfum gert áætlun um hvenær kenna skuli hverja reglu og ýmislegt annað sem sinna þarf í sambandi við SMT. Áætlunina má finna á eftirfarandi slóð:

<http://birkilundur.skagafjordur.is/is/um-birkilund/smt/aaetlun>

Við erum að stefna að því að verða sjálfstæður SMT skóli. Til þess þurfum við að standast ýmis viðmið og eru verið að vinna í því. Í skólanum er teymi sem vinnur að framgangi SMT kennslunnar og vinnur úr málum þeirra barna sem þarfnast sérstakrar meðferðar. Reglulega er gerðar skráningar á því ef setja þarf börnum mörk og þannig fæst gott yfirlit yfir það hverju er helst ábótavant og hvaða börn það eru sem við þurfum að huga að. Við getum einnig fylgst með því hversu virkir kennarar eru og hvatt þá áfram sem þess þurfa.

7.2. Tákn með tali

Tákn með tali er tjáningarform sem byggt er á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Táknin eru alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hveðrar setningar, eitt eða fleiri, táknuð. Tákn með tali er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barna. Við notum táknin aðallega með söngvum.

7.3. Stig af stigi

Stig af stigi er þjálfunarefni sem ætlað er að auka félags- og tilfinningaþroska barna. Efnið er notað til að kenna börnum að skilja aðra og láta sér lynda við þá, að leysa úr vanda og byggja upp félagslegan skilning. Börnunum er einnig kennt að hafa stjórn á æsingi og reiði. Börnunum eru sýndar myndir af börnum í mismunandi líkamsstillingum með mismunandi svipbrigði. Þessar myndir eru af ólíkum tilfinningum, gleði, reiði, viðbjóði og fleiru. Tilgangur myndanna er að sýna hvernig svipbrigði og líkamstjáning birtist með hverri tilfinningu. Reynt er að kenna börnum

að lesa í tilfinningar og gera sér grein fyrir því að það eru ekki allir eins. Við notum þetta efni með tveim elstu árgöngunum.

7.4. Leikur að læra

„Leikur að læra“ eru leikir og æfingar þar sem samþætting hreyfingar við stærðfræði-, bókstafa og hljóða-, lita- og formakennslu er höfð að leiðarljósi. Kennsluáðferðin virkar mjög vel fyrir 2-9 ára börn þar sem hreyfipörfin er mikil, enda sýna rannsóknir að hreyfing hefur áhrif á hæfileikann til að varðveita nýja þekkingu.

Hreyfing er manningu eðlislæg og öll skynhreyfireynsla eykur varðveislu þekkingar. Hreyfing hefur einnig áhrif á hæfileikann til að varðveita nýja þekkingu eða kunnáttu og endurkalla hana.

Við notum Leikur að læra aðallega í íþróttahúsinu. Kristín Halla notar aðferðina stundum í tónlistarstundunum.

7.5. Námskrá

Unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla, sem kom út 2011. Skólanámskrá var gefin út árið 2007. Endurskoðuð útgáfa leit dagsins ljós 2011. Hana má finna á eftirfarandi slóð: <http://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/skolanamskra/namskra-birkilundar-2011.pdf>

Þar sem aðalnámskráin sem kom út 2011 var mikið breytt frá fyrri námskrá þá kallar það á endurskoðun skólanámskrárinnar svo hún sé örugglega í samræmi við aðalnámskrána. Leikskólarnir fengu tvo skipulagsdaga aukalega til að sinna þessu verkefni. Var annar þeirra síðastliðið skólaár og hinn þetta skólaár. Ætlast er til þess að ný skólanámskrá líti dagsins ljós árið 2015. Unnið var að endurskoðun námskrárinnar síðastliðinn vetur og mun sú vinna halda áfram í vetur. Þetta er þó mun meira verk en svo að það verði unnið á tveimur dögum og er því enn óljóst hvernig verkinu verður lokið eða hvort það hefst á tilsettum tíma.

8. Skólastarfið 2014-2015

Skóladaatal þar sem fram kemur hvaða daga leikskólinn er lokaður, hvenær starfsmannafundir eru haldnir og ýmsir viðburðir í skólastarfinu má finna á <http://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/hagnytar/birkilundur-dagatal-2014-2015.pdf> Starfsfólk tók ákvörðun um það að hafa starfsmannafundi eftir vinnu einu sinni í mánuði en fá á móti frí þá daga sem lokað er vegna starfsmannafunda, svo fremi

að þeir hafi setið fundi jafn marga tíma og lokað er. Að öðrum kosti þurfa þeir að vinna þann hluta dagsins sem þeir eru ekki búnir að vinna af sér.

Jólaball var haldið með Varmahlíðarskóla 2011 og 2012. Árin þar á undan hafði Birkilundur haldið sitt ball í setustofu Varmahlíðarskóla eftir að litlu jólin höfðu verið haldin í skólanum. Varmahlíðaskóli ákvað að hverfa aftur til fyrra skipulags og var því ætlunin á síðasta ári að halda jólaball Birkilundar í setustofunni þar. Vegna óveðurs á jólaballsdaginn var ákveðið að halda ballið í Birkilundi þar sem öll börnin voru þar og við vildum ekki vera ábyrgar fyrir því að það þyrfti að þvæla börnunum á milli húsa í þessu leiðinda veðri sem var. Var því sett upp lítið jólatré á Könglalandi og ballið haldið þar. Við gerum ráð fyrir að fá aðgang að jólatré og plássi í setustofu Varmahlíðarskóla fyrir jólaballið okkar þetta árið.

Dagur leikskólans er 6. febrúar. Á þeim degi höldum við upp á afmæli Birkilundar, sem að þessu sinni verður 16 ára. Við höfum oft boðið foreldrum í morgunmat af því tilefni og þá boðið upp á hafragraut og þorramat.

Á öskudaginn höfum við verið með böll á báðum deildum og slegið eitthvað úr tunnum. Börnin hafa mætt í grímubúningum og foreldrar og systkini verið boðin velkomin, þó það hafi aðeins verið leikskólabörnin sem hafa fengið að slá í tunnunu, því hún er ekki gerð fyrir þung högg. Í tunnunni hefur verið snakk og síðan hefur verið boðið upp á popp. Gert er ráð fyrir að þetta verði með svipuðu sniði þennan veturinn.

Síðast í maí höfum við Reykjarhólsdag. Þá er haldið í göngutúr á Reykjarhólinn með börnin. Þau allra minnstu hafa farið í skóginn við hliðina á leikskólanum, þau sem eru aðeins stærri og geta gengið lengra hafa farið upp hjá tjaldsvæði og eitthvað inn í skóginn þar og þau stærstu hafa farið alveg upp á topp á hólum. Allir fá nesti og oftast er gott veður.

Dagskipulagið mótar ramma um starfið. Það er aðeins mismunandi eftir deildum þar sem þarfirnar eru breytilegar eftir aldri barnanna.

Dagskipulag á Könglalandi

07:45 leikskólinn opnar, val	11:30 söngur - samverustund
08:00 val	11:50 hádegismatur
08:15 morgunmat/val	12:20 lestur - útivera
8:45 samverustund/skipting í hópa	13:00 útivera
09:00 hópastarf á Könglalandi og í Furulandi	14:30 rólegir leikir
10:00 ávaxtatími	15:00 síðdegisdrykkur
10:15 val/útvíst	15:30 frjáls leikur
	16:00 leikskólinn lokar

Dagskipulag á Kvistalandi

07:45 leikskólinn opnar, leikur	11:45 hádegismatur
08:30 morgunmatur	12:10 hvíld/samverustund
09:00 hópastarf	13:00 útivera/leikur inni
10:00 ávaxtatími	15:00 síðdegisdrykkur
10:30 útivera	15:30 leikur/samvera
11:20 börnin koma inn, þvottur og bleiuskipti	16:00 leikskólinn lokar

8.1. Starfið á Kvistalandi

Á Kvistalandi eru 10 börn, 1 drengur og 9 stúlkur. Átta börn eru fædd árið 2012, tvö börn árið 2013. Eitt barn fætt árið 2012 bætist við í október og 2 börn fædd árið 2013 byrja í nóvember. Alla morgna nema fimmtudaga, milli kl. 9:00 og 10:00 skiptum við börnunum í þrjá hópa og er einn kennari með hvern hóp. Við byrjum hópastarfið á því að hver hópur fer á sitt svæði þar sem boðið er upp á mismunandi verkefni allt eftir aldri og getu barnanna. Á miðvikudagsmorgnum fara einn eða tveir kennarar af Kvistalandi með nokkur börn úr árgangi 2012 ásamt kennara og sjö börnum af Könglalandi í íþróttahúsið. Þegar lengra líður á veturinn verður farið með öll börn sem fædd eru árið 2012. Á fimmtudagsmorgnum kemur Kristín Halla Bergsdóttir tónlistakennari til okkar og stjórnar samverustund þar sem börnin fá að kynna hinum ýmsu hliðum tónlistar.

Allir hópar fara í könnunarleik einu sinni í viku. Í könnunarleik eru börnin í litlum hópum að skoða, handfjatla og kanna hluti s.s. dósir, eggjabakka, plastflöskur, tappa, lykla, keðjur og ýmislegt fleira. Börnin eru af eigin hvötum að kanna hlutina og gera tilraunir á þeim. Hlutverk kennara er að vera til taks og fylgjast með án afskipta og gefa börnunum tækifæri til að uppgötva sjálf. Við erum daglega með samverustundir þar sem við syngjum, lesum sögur og spjöllum saman.

Útivera er stór hluti af daglega starfinu, hreyfing og útivera eru samtengdir þættir

Við leggjum áherslu á leikinn, þar sem hvert barn fær notið sín á sínum forsendum. Í leik gefst barni kostur á að efla alhliða þroska sem felst m.a. í líkams- og hreyfiþroska, tilfinningarþroska, vitsmunarþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgætisvitund. Við kappkostum að hafa nægan tíma fyrir leikinn á Kvistalandi.

8.2. Starfið á Könglalandi

Á Könglalandi eru 21 barn í vistun þ.e. 8 drengir og 13 stúlkur. 6 börn fædd 2009, 8 börn fædd 2010, 6 börn fædd 2011 og 1 barn fætt 2012.

Hópastarfið verður 2-4 sinnum í viku, einn og hálfur tími í senn. Kennarar Könglalands leggja mikla áherslu á leikinn enda er hann meginnámsleið barna. Leikurinn er börnunum eðlislægur og þau leika sér á sínum eigin forsendum. Í Aðalnámskrá leikskóla stendur: *í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma, á eigin forsendum. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinngatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.*

Kolbrún verður með elsta hópinn, 6 börn sem heitir Steinahópur. Fanney verður með 8 börn fædd árið 2010 og heitir hópurnir þeirra Ljónahópur, Selma og Linda eru með yngstu börnin sem fædd eru 2011 og 2012, þeirra hópur heitir Blómahópur. Íþróttahústímarnir okkar verða á miðvikudögum og verður hópnum tvískipt, 14 börn fædd 2009 og 2010 fara með Kolbrúnu og Lindu í íþróttahúsið á kl. 9 á miðvikudögum og börn fædd 2011 og 2012 fara með Selmu í íþróttahús á miðvikudögum auk kennara og elstu barnanna af Kvistalandi. Kristín Halla Bergsdóttir mun sjá um tónlist á fimmtudögum og verður hópnum tvískipt; í öðrum hópnum börn fædd 2011 og 2012 og í hinum hópnum börn fædd 2009 og 2010.

Myndsköpun, föndur, málörvun, tónlist, skógarlundur og margt fleira skemmtilegt hópastarf rúllar síðan mismunandi eftir vikum. Hóparnir munu fara til skiptis upp í Furuland, Steinahópur fer á mánudögum kl. 9, Blómahópur fer á þriðjudögum kl. 9 og Ljónahópur fer á fimmtudögum kl. 9.

Í hópatímum í vetur munu börnin vinna að:

- **Myndsköpun**, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir sköpunarþörf sína, þroski með sér einbeitingu og efli samhæfingu handa og augna. Barnið endurspeglar oft í myndverkum sínum þá reynslu sem það hefur upplifað, þær tilfinningar sem bærast með því og það sem því er hugleikið.
- **Tónlist**, þar sem markmiðið er að barnið þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda í gegn um söng, hlustun (tónverk, hljóðaspil, ofl), hreyfingu (dans ofl.), hljóðgjafa og hljóðfæri.
- **Málörvun**, þar sem markmiðið er að efla markvisst hljóðkerfisvitund barnanna og búa þau þannig undir lestraránám. Við notum bókina Markvissa málörvun ofl. og vinnum með þulur, rím, klappa atkvæði, spil, leiki, lestur og ritun.
- **Hreyfingu**, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir hreyfiþörf sína og að auka/efla líkamlegt úthald. Til þess notum við leiki, íþróttahús og nánasta umhverfi til að fara í gönguferðir.
- **Félagsfærni**, þar er unnið með **Stig af stigi** og munu elstu börnin fara einu

sinni í viku í það.

Við ætlum að vera dugleg að fara í ýmiskonar skoðunar- og vettvangsferðir um nánasta umhverfi okkar og 2011 börnin munu fara í heimsókn í Víðimýrarkirkju. Öll börnin á Könglalandi fóru í fjöruferð í september og þau munu líka öll fara í sveitaferð á vormánuðum.

8.2.1. Elsti árgangur leikskólans

Elsti hópurinn mun fara a.m.k. einu sinni í viku í fjölbreytt og skemmtileg verkefni. Markmiðið með þessum verkefnum er að bjóða elstu börnunum upp á fjölbreytt og þroskandi verkefni sem stuðla að sjálfstæði og sjálfsþekkingu þeirra og efla með þeim vináttu og samkennd. Leitast verður við að rækta tjáningar og sköpunarmátt barnanna til að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt. Að börnin þjálfist í að vinna saman og sýna öðrum tillitssemi og umburðarlyndi. Stuðla að því að börnin öðlist færni sem talin er nauðsynleg þegar leikskóla líkur og grunnskólinn tekur við.

Öll þessi vinna hópsins er miðuð við að komið sé til móts við mikla fróðleiksfýsni og aukna getu elstu barnanna, með því að gefa þeim kost á erfiðari viðfangsefnum, sem krefjast meiri einbeitingar og úthalds. Þetta eru ýmis leikskólaverkefni sem byggja á starfsaðferðum og hugmyndafræði leikskóla.

Á hverju hausti er lagt fyrir elstu börn leikskólans próf í leikjaformi, til að kanna hljóðkerfisvitund þeirra. Í þessum leikjum eru börnin að ríma, búa til ný orð og leika sér með orð og hljóð á margan hátt. Þessi leikur að orðum og hljóðum er undanfari lestrarnáms. Hæfnin eða þroskinn til að geta slíkt kallast hljóðkerfisvitund. Prófið gefur vísendingar um hvaða börn eru líkleg til að eiga síðar í erfiðleikum með lestrarnám. Tilgangurinn með því að nota þetta próf er að finna þessi börn og þjálf hljóðkerfisvitund þeirra.

Í hópastarfinu er unnið á margvíslegan hátt að þjálfun hljóðkerfisvitundar. Notuð eru verkefni og leikir úr bókunum: Markviss málörvun, Leggðu við hlustir, Ljáðu mér eyra og Tölum saman.

Gaman saman verkefnið heldur að sjálfsögðu áfram og mun Steinhópurinn vera duglegur að fara í Varmahlíðarskóla til að kynnast skólanum, börnunum, kennurunum og öðru starfsfólki þar. Börnin úr Varmahlíðarskóla verða einnig dugleg að koma til okkar í heimsóknir. Einnig mun Steinhópurinn fara í ýmiskonar skoðunar- og vettvangsferðir m.a. í heimsókn í byggðasafnið í Glaumbæ og þau taka einnig þátt í Vinadeginum á Sauðárkróki. Starfinu hjá hópnum líkur formlega með útskrift í maí 2015.

8.3. Proski og framfarir

Proski barna er metinn með ýmsum matstækjum. Þau helstu sem við notum eru TRAS, Könnun Gerd Strand, Framburðarathugun, Hljóm-2.

TRAS er skráning á málproska ungra barna. Barnið er fyst metið þegar það er rúmlega tveggja ára og síðan á hálfis árs fresti fram að 5 ára aldri. Skráningin gefur vísbendingar um hvar barn er stött í málproska á ákveðnum tímamarki og hvernig málproski þess þróast. Við erum að byrja að nota þetta matstæki.

Könnun Gerd Strand er huglægur matslisti og þar sem eftirfarandi færniþættir eru metnar: Gróf- og fínhræfingar, hegðun, mál- og tal, virkni, samskipti og þekking. Könnunin miðast við 4 ára meðalnemanda og er ætlað að gefa kennara skýrari mynd af stöðu nemandans.

Framburðarathugun er lögð fyrir 4 ára börn til að kanna hvernig staða barnsins er framburðarlega séð.

Hljóm-2 er athugun á hljóð- og málvitund barna. Hún er lögð fyrir elsta árgang leikskólans í september/október. Athugunin gefur vísbendingar um hvaða börn eru líkleg til að lenda í lestrarerfiðleikum síðar. Tilgangurinn með því að leggja hana fyrir er að finna þessi börn og vinna með þau til að draga úr líkum á þessum erfiðleikum.

9. Samstarf leik- og grunnskóla

Löng hefð er fyrir heimsóknnum leikskólabarna í grunnskólinn. Á fyrstu árum leikskólans í Birkilundi voru 3 grunnskólar heimsóttir. Þar sem Steinstaðaskóli og Akaskóli hafa báðir verið lagðir af þá er Varmahlíðarskóli einn eftir. Einnig höfum við haft aðgang að íþróttahúsinu í Varmahlíð á þeim tíma sem sundkennsla grunnskólanemenda fer fram. Í tengslum við stofnun sjóðsins „Sáttmáli til sóknar í skólamálu í Skagafirði“ fóru Birkilundur og Varmahlíðarskóli í þróun verkefnis sem hlaut nafnið *Gaman saman*. Hefur það stuðlað að mun meiri samkiptum nemenda og kennara þessara skóla. Í tengslum við Comeníusarverkefni um samfellu í námi barna sem skólarnir voru í tvo síðast liðna vetur ásamt Árskóla og Ársölum og 2 leikskólum og 2 grunnskólum í Odense í Danmörku hefur verkefnið eflst og þróast enn frekar.

9.1. Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni Birkilundar og Varmahlíðarskóla sem ætlað er að skapa grundvöll fyrir félagslegum samskiptum á milli eldri og yngri barna og gefa leikskólabörnunum kost á að kynnast bæði húsnæði og kennurum Varmahlíðarskóla. Í vetur mun Steinahópurinn, sem eru elstu börn leikskólans, fara í heimsóknir í alla bekkir í Varmahlíðarskóla í ýmsar kennslugreinar og kynnast þannig húsnæði, nemendum og kennurum grunnskólans. Nemendur 1.-7. bekkjar Varmahlíðar-skóla koma í heimsóknir í leikskólann, sem skapar meiri tengingu milli leikskólabarna og

grunnskólanemenda. Kennarar fylgja nemendum í heimsóknir og verða því meðvitaðri um starfið sem fram fer í hvorri skólastofnun fyrir sig. Kennari úr Birkilundi mun fylgjast með starfi í 1. bekk í einn dag og kennari úr Varmahlíðarskóla kemur í Birkilund og fylgist með starfinu hjá Steinahóp. Foreldum barna í Steinahóp verður boðið með í eina heimsókn í Varmahlíðarskóla. Þá verður gengið um skólann og litið við í ýmsum stofum.

Einnig er fyrirhuguð samvera starfsfóks beggja skólanna þar sem eitthvað skemtilegt verður gert saman.

Áætlun um gagnkvæmar heimsóknir milli Birkilundar og Varmahlíðarskóla veturinn 2014-2015 má sjá á:

<http://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/Skyrslur/aaetlun-2014-2015.pdf>

10. Stoðþjónusta

Málefni leikskóla heyra undir Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar og fræðslunefnd. Fræðslustjóri hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Leikskólarnir hafa aðgang að sérfræðiþjónustu frá fræðsluskrifstofu s.s. talmeinafræðingi, uppeldis- og sálfræðiráðgjafa, sálfræðingi og kennsluráðgjafa. Ef leikskólinn getur ekki leyst úr þeim frávikum sem upp koma varðandi börnin þá fer í gang ferli þar sem viðkomandi barni er vísað áfram til viðkomandi sérfræðings. Send er inn beiðni með undirskrift foreldra og leikskólastjóra.

Starfsmenn geta sótt stuðning til kennsluráðgjafa sem er grunnskólakennaramenntaður en það væri mikill kostur fyrir leikskólana ef leikskólafulltrúi væri starfandi hjá sveitarfélaginu.

11. Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að halda góðum tenglum við foreldra. Við höfum dagleg samskipti þegar komið er með börnin og þau sótt. Til þess að skapa meiri tengsl og gefa foreldrum vettvang til að koma sínum málum á framfæri og hafa tækifæri til þess að segja sitt álit á þeim áætlunum sem leikskólinn setur fram þá starfar bæði foreldrafélag og foreldraráð við leikskólann.

11.1. Foreldrafélag

Foreldrafélag Birkilunar styður við starfið á ýmsan hátt, t.d. með því að aðstoða starfsfólk við ýmis tækifæri í leikskólanum, vinna að framgangi mála í samvinnu við starfsfólk og einnig með kaupum á kennsluefni og öðru sem nýtist í starfinu. Síðastliðinn vetur var stjórnin þannig skipuð: Dagný Stefánsdóttir formaður, Halla Ólafsdóttir gjaldkeri, Aníta Ómarsdóttir ritari, Bjarni Maronsson og Ragnheiður Brynjólfssdóttir. Á fundi 2. október gengu Dagný, Aníta og Bjarni úr stjórn. Í stað

þeirra voru kosin Eypór Einarsson, Kristján Eymundsson og Ragnhildur Jónsdóttir. Stjórnin hefur ekki enn skipt með sér verkum.

11.2. Foreldraráð

Foreldraráð er skipað þremur fulltrúum foreldra, sem kosnir eru að hausti. Foreldraráð fær til umfjöllunar og umsagnar áætlanir leikskólans um starf og skipulag. Má þar nefna skóladagatal, starfsáætlun, námskrá og önnur rit sem leikskólinn gefur út. Fulltrúar í foreldraráði eru Kristín Halla Bergsdóttir, Ólafur Atli Sindrason og Sigfús Ingi Sigfússon.

11.3. Foreldrafundir og -viðtöl

Almennur foreldrafundur er haldinn á haustin, að þessu sinni fimmtudag 2. október kl 16:00-18:00. Þar er farið yfir áherslupunkta í starfi leikskólans og foreldrum gefinn kostur á að koma með fyrirspurnir og athugasemdir. Hluti af fundinum er nýttur fyrir aðalfundarstörf foreldrafélagsins. Foreldraviðtöl þar sem deildarstjóri eða kennari barnsins fer yfir stöðu barnsins með foreldrum verða í febrúar og mars. Auk þess verður foreldrum gefinn kostur á að skrá sig í viðtöl í október eða nóvember ef þeir óska þess.

12. Sérstök verkefni

Stefnt er að því að auka vægi læsis í leikskólum Skagafjarðar. Munum við því á næstu mánuðum móta okkar hugmyndir um það hvernig við ætlum að vinna að því í okkar skóla.

13. Innra mat

Við notum matslistann Barnið í brennidepli til þess að meta starfið. Áætlað er að meta hvern þátt á þriggja ára fresti en það hefur ekki alveg gengið eftir. Í vetur þarf að meta þætti 6.3, 6.4, 7.1, 7.2, 7.3, 7.4 og 7.5, þar sem þeir hafa ekki verið metnir síðan í ágúst 2009. Áætlað er að leggja starfsmannakönnun fyrir annað hvert ár og foreldrakönnun hitt árið. Síðastliðið vor var foreldrakönnun lögð fyrir og er því stefnt að því að leggja starfsmannakönnun fyrir í vor. Þessar kannanir eru samræmdar fyrir alla leikskóla í Skagafirði.

14. Ýmsar áætlanir

Starfsmannahandbók:

<http://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/Skyrslur/starfsmannahandbok-birkilundar-2013.pdf>

Viðbragðsáætlun vegna innflúensufaraldurs:

<http://birkilundur.skagafjordur.is/static/files/hagnytar/vidbragdsaaetlun-birkilundar.pdf>

Áætlun um öryggi starfsmanna: sjá fylgiskjal 2.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldrráðs

Fylgiskjal 2 - Áætlun um öryggi starfsmanna

Fylgiskjal 1

Starfsáætlun Birkilundar

Umsögn foreldraráðs fyrir skólaárið 2014-2015

Foreldraráð leikskólans skipa:

Kristín Halla Bergsdóttir

Ólafur Atli Sindrason

Sigfús Ingi Sigfússon

Um starfsáætlun leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin skal fá umsögn foreldraráðs áður en fræðslunefnd tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Í starfsáætlun skal fjalla nánar um starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatal, foreldrasamstarf, sjálfsmat og umbótaáætlanir, tengsl leikskóla og grunnskóla, stoðþjónusta, fyrirkomulag öryggis- og slysavarnamála, félagslíf og ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun leikskólans Birkilundar er vel unnin og yfirgripsmikil. Allir þeir þættir sem skylt er að greina frá koma skilmerkilega fram.

Áhersluatriði og markmið í starfi Birkilundar eru metnaðarfull og vel fram sett. Leikskólinn Birkilundur nýtir verkfæri eins og SMT, Tákn með tali, Stig af stigi og Leikur að læra til að ná markmiðum sínum. Leikskólinn stefnir að því að verða sjálfstæður SMT-skóli. Gott samstarf er á milli leikskólans Birkilundar og Varmahlíðarskóla og unnið að framþróun þess undir heitinu „Gaman saman“. Stefnt er að því að auka vægi læsis í leikskólanum og framundan er vinna við það.

Ánægjulegt er að sjá hversu hátt hlutfall fagmenntaðra starfsmanna er við leikskólann Birkilund og virðist sem vel sé staðið að símenntun þeirra.

Vinna við nýja skólanámskrá er grundvallaratriði sem skiptir höfuðmáli í starfi leikskólans og mikilvægt að hún líti dagsins ljós á tilætluðum tíma. Jafnframt er brýnt að aukin festa komist á innra mat skólastarfsins. Æskilegt væri einnig ef unnið yrði með reglubundnum hætti ytra mat á starfsemi leikskólans.

Leikskólinn Birkilundur er góður staður þar sem vel er hugsað um börnin okkar og vitað að þau eru í góðum höndum. Að því sögðu leggur foreldraráð Birkilundar ríka áherslu á að ekki verði dregið lengur að ráðast í brýnar úrbætur á húsnæði leikskólans. Aðstaða fyrir börn, starfsfólk og foreldra er í dag engan veginn fullnægjandi og ljóst að bæta þarf úr fjölmörgum atriðum hvað varðar rými, aðbúnað, vinnuaðstæður, öryggi o.fl. þætti, svo sem hefur m.a. verið staðfest af hálfu Vinnueftirlitsins. Hvetur foreldraráð Birkilundar sveitarfélögin í Skagafirði og fræðslunefnd að hraða undirbúningsvinnu og ákvarðanatöku svo aðbúnaður og starfsumhverfi barna okkar og starfsfólks leikskólans verði í takt við þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar starfsemi í dag.

Fylgiskjal 2

Áætlun um öryggi og heilbrigði

Unnin af Steinunni Arnljótsdóttur leikskólastjóra og Sigríði Helgadóttur staðgengli leikskólastjóra.

Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður

Leikskólastjóri verður formlega útnefndur öryggisvörður og á starfsmannafundi 7. janúar á að kjósa öryggistrúnaðarmann úr röðum starfsmanna. Hlutverk hans verður kynnt og leitað eftir framboðum í starfið. Árlega hafa verið haldin námskeið fyrir öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn og verða þessir aðilar sendir á námskeið þegar það verður næst í boði á Sauðárkróki, sem verður líklega haustið 2014.

Aðgerðir vegna slyshættu utanhúss

Öryggisvörður skal kanna færð á hverjum morgni fyrir kl 9 og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi. Í því felst að moka snjó ef þörf er á, sandbera í hálku og hreinsa snjó og klaka af þakbrúnum ef hætta er á hruni.

Öryggisvörður skal gera kennurum viðvart ef aðstæður eru þannig að ekki sé ráðlegt að fara með börnin út.

Mannbroddar skulu vera til staðar fyrir kennara.

Setja handrið við tröppur í garði (fyrir 15.1. 2014).

Aðgerðir til þess að draga úr líkamlegu álagi fyrir kennara

Hafa bekk á miðju gólfi í fataherbergi. Kennarar sitji á bekknum eða stól þegar þeir aðstoða börn við að klæða sig.

Kennarar sitji á stól þegar þeir aðstoða börn við handþvott.

Fá tröppu þannig að kennari geti leitt barn upp á skiptiborð í stað þess að lyfta því (fyrir 15.1.2014).

Fá sjúkrabjálfa á starfsmannafund með fræðslu um líkamsbeitingu og vinnutækni (4.2.2014).

Hafa umfjöllun um líkamsbeitingu og vinnutækni í upphafi hvers skólaárs.

Hafa aðgengilegt kynningarefni um vinnuvernd og kynna það fyrir nýráðnu starfsfólki.

Aðgerðir til að draga úr hitaálagi vegna sólar

Fá gluggatjöld sem draga úr hitaálagi vegna sólar (gera áætlun um úrlausn fyrir 28.2.2014).

Aðgerðir vegna varasamra og hættulegra efna

Hafa sýnileg öryggisblöð fyrir hættuleg efni sem notuð eru.

Hafa barnalæsingur á skáp í eldhúsi þar sem hættuleg efni eru geymd.

Hafa þvottahúshurð ávallt læsta.

Hafa ræstiefni í Furulundi 5 í skáp sem börn komast ekki í.

Öll þessi atriði eiga að vera orðin virk 15.1.2014.

Aðgerðir varðandi þrengsli í fataherbergi, á skrifstofu skólastjóra og starfsmannarými

Rekstraraðilar hafa frest til 28.2.2014 til þess að skila tímasettri áætlun um aðgerðir.